

Gammafundur 28. febrúar 2007

Haldinn í Pósthúsinu við Brúnaveg sem nú er gistiheimili og heimili Ragnhildar og fjölskyldu. Ingibjörg setti fundinn og tók nafnakall.

Mættir voru: Anhdao, Árný, Björg, Bryndís, Elín, Guðný, Hertha, Hrefna, Ingibjörg Einars, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Kristjana, Margrét, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Sig., Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri og yngri, Stefanía, Stella, Svana og Vilborg.

Björg las fundargerð síðasta fundar og Ingibjörg afhenti Kristjönu afmælisgjöf frá Gammakonum í tilefni 60 ára afmælis hennar nýlega. Kristjana fékk silkislæðu hannaða undir áhrifum af verkum Gerðar Helgadóttur myndhöggvara.

Því næst kynnti formaður könnun á vegum alheimssamtakanna okkar um menntun sem við svörðum undir styrkri stjórn formannsins sem bar sig að eins og röggSAMUR bekkjarkennari og var verkinu lokið á skömmum tíma.

Undirrituð kynnti síðan hugmynd að glærusýningu sem verður framlag deildarinnar á landsambandsþingi í Reykholti. Allar fengu blað þar sem þær voru beðnar að skrifa niður hvers vegna þær væru Gammakonur og hvað félagsskapurinn gerði fyrir þær. Gefnar voru fimm mínútur. Allir voru niðursóknir um stund enda vandaverk að svara.

Pálína flutti orð til umhugsunar. Hún sagði frá uppruna samtakanna Delta Kappa Gamma í Ameríku. Samtökin eru fyrir konur í fræðslustétt. Til að styðja þær í starfi og í að berjast fyrir þeim málum sem á þeim brenna hverju sinni. Pálína lýsti síðan stofun samtakanna á Íslandi en fyrst var Alfadeild stofnuð og síðan Betadeild á Akureyri en tveimur dögum seinna 5. Júní 1977 var Gammadeild stofnuð af röskum konum, sem sumar eru enn virkar í félagsskapnum. Margt fleira kom fram og við skoðuðum líka myndir af stofnendum deildarinnar. Pálínu finnast góðir fundir í Gammadeild ef að eitthvert andlegt fóður er á boðstólnum en einnig einhver skemmtun svo sem söngur og spjall. Þetta innlegg Pálínu var mjög fróðlegt og skemmilegt.

Þá var komið að mat. Boðið var upp á gúlassúpu og brauð og síðan kaffi og súkkulaði á eftir. Fundarkonum var ekki til setunnar boðið því þetta átti jú að vera möppufundur. Árný tók nú við stjórninni og skipti í hópa. Hver hópur fékk síðan með sér möppu eða möppur um hvað hafði gerst á ákveðnu árabili í sögu deildarinnar. Hóparnir dreifðust um húsið og var unnið mjög rösklega og vel að því að draga fram aðalatriðin. Allt var skráð niður á þar til gerð blöð. Björg gekk á meðan um og tók myndir fyrir glærusýninguna. Sumar myndirnar eru ekki nógu góðar svo það þarf að reyna aftur eða að konur sendi myndir í tölvupósti.

Að lokum söfnuðust allir hóparnir saman á ný í stofunni og sagði fulltrúi hvers hóps frá helstu niðurstöðum.

Niðurstöður verða ekki rakar að þessu sinni en verða gerð skil á einhvern hátt á landsambandsþinginu í vor.

Þá var kominn tími til að slíta fundi og halda heim eftir mikinn og góðan vinnufund.

Gert 26. mars Björg Eiríksdóttir